
Krabbameinsfélagið



Gildandi reglur og viðmið - maí 2026

Skógarhlíð 8 105 Reykjavík 540 1900

Krabb.is

Yfirlit

- Reglur fyrir Heiðursráð Krabbameinsfélagsins
- Reglur um notkun sala á 4. hæð Skógarhlíðar 8
- Vinnureglur fyrir uppstillingarnefnd Krabbameinsfélags Íslands
- Reglur um ráðstöfun framlaga Velunnara Krabbameinsfélags Íslands
- Reglur um þjónustuskrifstofur
- Leiðbeinandi viðmið í samstarfi Krabbameinsfélags Íslands, aðildarfélaga og Vísindasjóðs við styrktaraðila
- Starfsreglur Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands
- Siðareglur Almannaheilla

Reglur fyrir Heiðursráð Krabbameinsfélagsins

1. gr.
Í Heiðursráði Krabbameinsfélagsins eru heiðursfélagar sem til þess eru valdir fyrir frábært starf í þágu félagsins. Það er æðsta viðurkenning sem félagið veitir. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands kýs heiðursfélaga.

2. gr.
Formaður Krabbameinsfélags Íslands getur leitað ráða hjá Heiðursráði við framkvæmd sérstakra verkefna.

3. gr.
Þeir sem eru í Heiðursráði Krabbameinsfélagsins hafa rétt til setu á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands, en án atkvæðisréttar.

4. gr.
Reglur þessar eru settar af stjórn Krabbameinsfélags Íslands og verður þeim breytt með sama hætti.

Reglurnar voru samþykktar af stjórn Krabbameinsfélags Íslands 7. október 1988.

Reglur um notkun sala í Skógarhlíð 8

1. Almennt. Salir í Skógarhlíð 8 í Reykjavík eru ætlaðir fyrir starfsemi Krabbameinsfélags Íslands, Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, aðildarfélaga og fyrir einkanot, sbr. 2. lið. Um er að ræða matsal (80-100 manns), námskeiðssal (30-40 manns) og fundarherbergi (10-15 manns) á 4. hæð auk salar á 1. hæð. Reykingar (tóbaksreykingar og rafsígarettunotkun) eru bannaðar í húsinu svo og önnur notkun tóbaks. Sama gildir um svalir, ytra anddyri og lóð. Alltaf skal fara að reglum hússins um öryggiskerfi og lyklakerfi. Framsal er óheimilt.

2. Einkanot. Salirnir eru eingöngu lánaðir starfsmönnum og stjórnarmönnum í Krabbameinsfélagi Íslands og Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins, fyrir samkomur innan fjölskyldna (foreldrar eða börn) viðkomandi einstaklinga. Lánþegar verða sjálfir að vera viðstaddir og fara síðastir út úr húsinu að lokinni samkomunni. Ekki er hægt að framselja lánsréttinn til annarra. Gestir eru á ábyrgð lánþega. Börnum er óheimilt að leika sér í stigahúsinu. Lánþegar verða að leggja til kaffi, mjólk, sódavatn, borðtuskur, viskastykki o.fl.

3. Skráning. Bókun sala vegna starfsemi er rafræn en ósk um afnot af sölum til einkanota skal berast fjármálastjóra Krabbameinsfélagsins eða framkvæmdastjóra Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins sem ganga frá bókun ef mögulegt er. Starfsemi á vegum félaganna gengur fyrir.

4. Öryggismál. Öryggisreglum hússins skal fylgt í hvívetna, þar með talið að skrá viðveru á blað í anddyri (utan skrifstofutíma), slökkva ljós, loka gluggum, læsa hurðum og setja innbrotakerfið á. Vakin er athygli á því að innbrotavarnakerfið fer sjálfvirkt á um miðnætti. Fari viðvera fram yfir miðnætti krefst það sérstakra aðgerða varðandi öryggiskerfi.

5. Umgengni á dagvinnutíma. Þeir sem nota sali fyrir starfstengda fundi á dagvinnutíma skulu skila þeim eins og komið var að þeim. Í námskeiðssal skal annað hvort vera borðauppröðun eða bíóuppröðun. Þurrkað skal af borðum, ef ástæða er til, skola borðbúnað og þvo hann ef um stærri fundi er að ræða. Leiðbeiningar um notkun tækja hanga uppi í eldhúsi.

6. Umgengni utan dagvinnutíma. Þeir sem nota salina utan dagvinnutíma skulu skila þeim eins og komið var að þeim. Raða skal upp borðum og skila sölum og salernum hreinum (gólf og borð). Eldhúsi skal skilað hreinu sem og öllum áhöldum og farið eftir leiðbeiningum um notkun eldhústækja. Borðbúnaði á að raða á rétta staði í skápum.

7. Tæki. Skjávarpi og hljóðkerfi er í sölunum en nota skal eigin tölvu á 4. hæð nema í fundarherbergi, á einkasamkomum. Á 1. hæð skal nota tölvu í sal. Ef hljóðkerfi er notað þarf að slökkva á því að samkomu lokinni. Börnum er óheimil notkun á tækjum og töflum.

8. Veitingar. Ekki er heimilt að hafa vín um hönd á fundum eða öðrum samkomum í húsinu, nema með sérstöku leyfi og miðast þá eingöngu við létt vín.

9. Tæki og uppröðun. Fyrir einkasamkomur skulu lánþegar kynna sér reglur um notkun tækja og uppröðun borða og stóla.

Tillögurnar voru samþykktar af stjórn KÍ 4. febrúar 2020 og stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins haustið 2024.

Vinnureglur fyrir uppstillingarnefnd Krabbameinsfélags Íslands

1. gr.
Á hverjum aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands skal kjósa fimm manna uppstillingarnefnd til eins árs í senn, þó engan meira en fjögur ár í röð. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu til næsta aðalfundar um kjör í stjórn félagsins og kosningu félagslegra endurskoðenda (skoðunarmanna) í samræmi við lög þess.

2. gr.
Nefndin kemur saman að loknum aðalfundi til að velja sér formann, sem framvegis boðar fundi hennar og stjórnar þeim.

3. gr.
Skylt er nefndarformanni að kalla nefndina til fundar eigi síðar en tveim mánuðum fyrir næsta aðalfund félagsins og leggja fyrir hana upplýsingar um það hverjir eigi að ganga úr stjórn félagsins vegna kjörreglna í lögum þess og um laus sæti í stjórn af öðrum ástæðum, ef svo ber undir.

4. gr.
Nefndin kannar hvort þeir sem eiga að ganga úr stjórn gefa kost á sér áfram. Sama er um félagslega endurskoðendur. Enda þótt stjórnarmaður eða endurskoðandi gefi kost á sér áfram getur nefndin gert tillögu um annan í hans stað.

5. gr.
Eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund ritar nefndin formönnum allra aðildarfélaga Krabbameinsfélags Íslands um verkefni sitt og stöðu mála, sbr. 3. og 4. grein reglna þessara, og tilkynnir þeim hvernig og innan hvaða frests megi koma til nefndarinnar tillögum eða ábendingum um kjör stjórnar og endurskoðenda.

6. gr.
Að loknum tilgreindum fresti gengur uppstillingarnefnd frá tillögu sinni. Þeir einir eru kjörgengir sem eru félagar í einhverju aðildarfélagi Krabbameinsfélags Íslands.

7. gr.
Uppstillingarnefnd leggur tillögu sína beint fyrir aðalfund.

Vinnureglurnar voru samþykktar á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands 13. maí 2006.

Reglur um ráðstöfun framlaga Velunnara Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Velunnarar Krabbameinsfélags Íslands.

Velunnarar Krabbameinsfélags Íslands (KÍ), mánaðarlegir styrktaraðilar félagsins, eru ein lykilstoðin í fjáröflun félagsins og aðildarfélaga þess. KÍ hefur umsjón með Velunnurum og ber ábyrgð á söfnun þeirra og samskiptum við þá.

Framlög Velunnara skiptast á milli KÍ og aðildarfélaganna, að frádregnum kostnaði við umsjón kerfisins. Því fé sem safnast skal varið til að efla félagsstarfið, í samræmi við markmið félaganna um að fækka þeim sem greinast með krabbamein, draga úr dauðsföllum af völdum krabbameina og bæta lífsgæði þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra.

Stefnt skal að því að með framlögum Velunnara sé hægt að veita stuðning, fræðslu og þjónustu hvar á landinu sem er í gegnum starfsemi KÍ, aðildarfélaga, á þjónustuskrifstofum nærri heimili eða á netinu. Samhliða hlutdeild aðildarfélaga í framlögum Velunnara skuldbindur KÍ sig til veita aðildarfélögum aukna þjónustu með fræðsluefni, tilboðum um þjálfun og handleiðslu, bókhald, veflausnum o.þ.h.

Safni aðildarfélag eigin mánaðarlegum styrktaraðilum útilokar það umsókn um hlutdeild í framlögum Velunnara KÍ.

2. gr. Rekstrarstyrkir.

Aðildarfélög geta sótt um rekstrarstyrki til reglubundinnar starfsemi, að hámarki 50% af rekstrarkostnaði félagsins. Þjónustuskrifstofur þurfa að starfa í samræmi við reglur um þjónustuskrifstofur til þess að fá styrk úr sjóðnum. Umsóknum skal fylgja rekstraráætlun þar sem fram koma markmið, umfang og hvernig árangur verður metinn. Forsenda styrkja vegna launa starfsmanna við ráðgjöf eða stuðning er að viðkomandi sé heilbrigðisstarfsmaður eða sinni hlutverkinu sem jafningi og hafi þá að lágmarki fengið þjálfun hjá ráðgjöfum KÍ.

KÍ skipuleggur þrjá samráðsfundi með starfsmönnum aðildarfélaga KÍ á ári, þau félög sem fá rekstrarstyrk skulu eiga fulltrúa á þessum fundum.

Rekstrarstyrkur miðast við almanaksár.

3. gr. Verkefnastyrkir.

Aðildarfélög geta sótt um verkefnastyrki. Umsóknir þurfa að berast áður en verkefnið er framkvæmt eða greinargóð útskýring ef styrkumsókn berst eftir að verkefnið hefur verið framkvæmt. Umsóknum skal fylgja verkefnisáætlun, þar sem fram kemur markmið, tímalengd, umfang og hvernig árangur verkefnisins verður metinn. Hægt er að sækja um styrk til tveggja ára verkefnis. Skila skal sérstakri umsókn fyrir hvert verkefni svo skýrt sé hvaða kostnaðarliðir og markmið tilheyri verkefninu.

4. gr. Umsóknir

Umsóknum skal skila fyrir 15. janúar ár hvert. Sækja skal um á sérstökum eyðublöðum og skila tilgreindum fylgiskjölum, greinargerðum fyrir rekstur og verkefni og ársskýrslu og ársreikningi strax að loknum aðalfundi. Úthlutunarnefnd, sem samanstendur af einum fulltrúa stjórnar KÍ, tveimur sérfræðingum KÍ starfandi við fræðslu og forvarnir annars vegar og ráðgjöf og

stuðning hins vegar fer yfir umsóknir og gengur frá úthlutun. Úthlutunarnefndin gerir stjórn KÍ og umsækjendum grein fyrir úthlutun fyrir 15. mars ár hvert. Styrktímabil er almanaksárið.

Skil á umsóknum er á ábyrgð aðildarfélaga.

5. gr. Greinargerðir.

Skila skal greinargerðum vegna rekstrar- og verkefnastyrkja þar sem nýtingu styrkjanna og raunkostnaði er lýst, staða verkefna kynnt og árangri lýst, fyrir 15. janúar ár hvert. Forsenda þess að umsókn sé tekin fyrir er að greinargerð fyrir síðustu úthlutun hafi verið skilað inn.

Ef verkefni falla niður eða þeim seinkar eða ef umtalsverðar breytingar hafa orðið á rekstri þjónustuskrifstofa skal gera því skil í greinargerð. Það er ákvörðun úthlutunarnefndar hvort endurgreiða skuli styrkinn eða draga styrkupphæðina frá næstu úthlutun.

Ef að greinargerð er ekki skilað er litið svo á að verkefnið hafi fallið niður og skal þá endurgreiða styrk.

6. gr. Úthlutun.

Framlög Velunnara Krabbameinsfélags Íslands skulu skiptast þannig á milli KÍ og aðildarfélaga (að frádregnum kostnaði við rekstur velunnarakerfis) að 80% framlaga renni til KÍ en 20% framlaga renni til aðildarfélaga, svæðafélaga og stuðningsfélaga. Úthlutun skal miðast við framlög Velunnara árið á undan. Stjórn KÍ getur aukið framlög til aðildarfélaga ef brýn þörf krefur. Félög sem fá úthlutað styrk frá framlögum Velunnara skulu geta þess í allri umfjöllun um reksturinn/verkefnið. Forsenda úthlutunar er að skilað hafi verið umbeðnum fylgiskjölum, ársskýrslu, ársreikningi og greinargerðum, einnig þarf félagið að hafa átt fulltrúa á formanna- og aðalfundum KÍ síðasta árs. Þegar samþykktir eru styrkir til tveggja ára verkefna greiðist styrkurinn á tveimur árum, þegar tilskildum gögnum hefur verið skilað.

Þegar samþykktur er rekstrarstyrkur er hann greiddur út í tvennu lagi yfir árið, annars vegar innan við viku frá úthlutun og hins vegar sex mánuðum síðar.

Úthlutunarnefnd er heimilt að óska aftur eftir umsóknum um rekstrar- og verkefnastyrki, fyrir 1. september, hafi ekki öllu fjármagninu verið úthlutað í fyrri úthlutun.

Fjármagn sem ekki er úthlutað verður hluti af rekstrarfé KÍ.

7. gr. Álitamál.

Athugasemdir vegna úthlutunar skal senda framkvæmdastjóra KÍ innan þriggja vikna frá úthlutun.

Álitamálum eða ágreiningi vegna úthlutunar skal vísa til stjórnar KÍ.

8. gr. Gildistaka.

Reglurnar voru upphaflega samþykktar af stjórn Krabbameinsfélagsins 29. maí 2012 og tóku gildi 1. júlí 2012.

Breytingar voru samþykktar 4. september 2012. Endurskoðun reglnanna var samþykkt á fundi stjórnar KÍ þann 10. apríl 2018, 21. september 2021, 21. mars 2023 og 15. apríl 2026.

Reglur um þjónustuskrifstofur

1. gr. Það er á valdi hvers aðildarfélags Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) að opna þjónustuskrifstofu. Út frá hagkvæmnissjónarmiðum er æskilegt að félög sameinist um rekstur svo skrifstofurnar geti þjónað stærra svæði.

2. gr. Áður en félög opna þjónustuskrifstofur eða gera breytingar sem auka rekstrarkostnað, (t.d. fjölga starfsmönnum eða stækka húsnæði) um meira en 20% skal vinna þarfagreiningu og rekstraráætlun ef ætlunin er að sækja um rekstrarstyrk skv. reglum um ráðstöfun framlaga Velunnara.

3. gr. Á þjónustuskrifstofunum er unnið að markmiðum KÍ og aðildarfélaganna sem er að fækka nýjum tilfellum krabbameina, draga úr dauðsföllum af völdum sjúkdómsins og að bæta lífsgæði þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra í gegnum félagsstarfið í hverju félagi. Helstu verkefni, í samráði við stjórn og starfsmenn KÍ, eru til dæmis:

A. Þjónusta við sjúklinga og aðstandendur, m.a. með upplýsingagjöf, ráðgjöf og stuðningi.
B. Miðlun fræðslu um krabbamein og forvarnir frá KÍ
    a. Nýta skal útgefið fræðsluefni frá KÍ. Ef fræðsluefni er ekki til hjá KÍ skal vinna það í samráði við KÍ til að tryggja samræmda upplýsingagjöf.
C. Skipulag og utanumhald sjálfboðaliða og félagsstarfs, þar undir:
    a. Öflun nýrra sjálfboðaliða og félaga og innheimta félagsgjalda.
    b. Aðstoð við reglulega fundi staðbundinna stuðningshópa.
    c. Skipulagning námskeiða og fræðslufunda.
D. Þátttaka í kynningarstarfi og fjáröflunarverkefnum.
E. Að fylgjast með aðstæðum krabbameinssjúkra og aðstandenda í félaginu og sinna hagsmunagæslu í nánu samstarfi við KÍ.
F. Önnur verkefni svo sem skrifstofuhald og skil upplýsinga til KÍ.

4. gr. Samráð skal vera á milli þjónustuskrifstofa og KÍ m.a. með reglubundnum samráðsfundum sem KÍ skipuleggur a.m.k. þrisvar á ári.

Reglurnar voru fyrst samþykktar af stjórn Krabbameinsfélags Íslands 10. júní 2013. Reglunum var breytt af stjórn Krabbameinsfélags Íslands á fundi þann 21. september 2021.

Leiðbeinandi viðmið í samstarfi Krabbameinsfélags Íslands, aðildarfélaga og Vísindasjóðs við styrktaraðila.

Markmið með viðmiðunum er að einfalda samskipti við styrktaraðila og fækka álitaefnum sem geta komið upp í tengslum við samstarf við styrktaraðila.

Öflugur bakhjarl

Krabbameinsfélagið, með aðildarfélögum sínum, er öflugur bakhjarl þeirra sem greinast með krabbamein, lifenda, aðstandenda og þeirra sem missa ástvini úr krabbameinum. Félagið er í forystu í baráttunni gegn krabbameinum og félaginu er ekkert óviðkomandi sem tengist krabbameinum.

Dyggur stuðningur

Starf félagsins og árangur þess byggir alfarið á stuðningi almennings, fyrirtækja og stofnana í landinu. Sá stuðningur hefur verið mikill og tryggur og félagið sinnir sínu starfi í trausti þess að eiga hann áfram vísan. Samvinna félagsins, almennings og fyrirtækja er og verður þjóðinni til heilla.

Samstarf við Krabbameinsfélagið kemur öllum vel

- Fyrirtæki fá gott tækifæri til að sýna samfélagslega ábyrgð
- Vörumerkið styrkist
- Skuldbinding starfsmanna og viðskiptavina eykst
- Sala eykst
- Einstaklingar fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum til baráttunnar gegn krabbameinum
- Fyrirtæki og einstaklingar njóta skattaafsláttar

Krabbameinsfélagið skapar öllum möguleika á að leggja málstaðnum lið

og býður einstaklingum, félögum og fyrirtækjum til samstarfs.
Samstarfsaðilar geta verið allir einstaklingar eða lögaðilar en á því geta þó verið undantekningar:

a) Krabbameinsfélagið á engum tilvikum samstarf sem tengist beinum krabbameinsvöldum, tóbaki og áfengi

b) ef samstarfið rýrir á einhvern hátt möguleika félagsins til að vera óháð og sjálfstætt í sínu starfi. Að því skal sérstaklega gætt í samstarfi sem tengist lyfja- og lækningavörum

Trúverðugleiki og orðspor

Í öllum tilfellum skal hafa þann fyrirvara við samstarf að það geti ekki ógnað trúverðugleika og orðspori félagsins, ekki síst í tengslum við krabbameinsáhættu. Sem dæmi má nefna samstarf sem tengist vörum sem mælt er gegn í fræðslu félagsins um hvað getur aukið líkum á krabbameinum. Það skal metið í hvert sinn.
Ef einhver hætta er á að samstarf geti skaðað orðspor eða rýrt trúverðugleika skal alltaf leita leiða til að finna annars konar samstarfsmöguleika, sem gera viðkomandi mögulegt að styrkja málstaðinn.

Samþykkt á fundi stjórnar Krabbameinsfélags Íslands 27. febrúar 2023

Athugið að ofangreind viðmið eru ætluð til innra starfs. Útgáfa af viðmiðunum fyrir samstarfsaðila er að finna á heimasíðu félagsins.

Starfsreglur Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Hlutverk.

1.1. Hlutverk Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands er að alla faglega um umsóknir um styrki í Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands og um umsóknir um styrki í Vísindasjóð Norræna krabbameinssambandsins, NCU. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands getur auk þess óskað umsagnar ráðsins um vísindaleg málefni.
1.2. Vísindaráðið fylgist eftir föngum með framgangi verkefna.
1.3. Vísindaráð Krabbameinsfélagsins starfar í samræmi við skipulagsskrá VKÍ og úthlutunarreglur VKÍ

2. gr. Skipan og starfstilhögun.

2.1. Í Vísindaráði Krabbameinsfélags Íslands sitja níu menn. Ár hvert skipar stjórn Krabbameinsfélags Íslands þrjá menn í ráðið til þriggja ára. Stjórnin skipar einnig menn í stað þeirra sem hverfa úr ráðinu áður en kjörmabilið rennur út og sitja hinir nýju menn til loka hins reglulega kjörtímabils. Stjórnin skipar formann og varaformann ráðsins til eins árs í senn.
2.2. Starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands og kjörnir fulltrúar hafa ekki rétt til setu í ráðinu.
2.3. Meðlimir ráðsins mega ekki taka þá í meðferð einstakrar umsóknar ef þeir eiga hlutdeild í verkefni og ef ákvörðun um hana skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Um hæfi ráðsmanna til meðferðar einstakra umsókna fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Ráðsmenn skulu gæta að hæfi sínu og upplýsa ráðið séu þeir í vafa um hæfi sitt. Jafnframt skulu ráðsmenn hafa til hliðsjónar reglur Rannís um hæfi til ákvörðunartöku vegna styrkveitinga á hverjum tíma eftir því sem við getur átt. Verði ágreiningur um hæfi ráðsmanns til meðferðar máls sker ráðið úr með atkvæðagreiðslu en viðkomandi ráðsmaður skal þá ekki greiða atkvæði.
2.4. Meðlimir ráðsins hljóta ekki laun fyrir störf í ráðinu.
2.5. Vísindaráð heldur fundi eftir þörfum eða ef þrír eða fleiri meðlimir ráðsins óska þess.
2.6. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands ræður ráðinu ritara sem er tengiliður félagsins við ráðið. Ritari boðar fundi, skráir fundargerðir (þar sem m.a. kemur fram ef ráðsmaður víkur vegna vanhæfis), aflar ráðinu upplýsinga og annast önnur störf í þágu ráðsins.
2.7. Öllum ráðsmönnum ber að kynna sér þær umsóknir sem berast. Formaður getur falið einum ráðsmanni eða fleirum að kynna sér einhverja umsókn sérstaklega, meta gildi umsóknarinnar og leita umsagnar sérfróðra aðila utan ráðsins. Öðrum ráðsmönnum skal gerð grein fyrir niðurstöðum slíkra athugana.

3. gr. Annað.

3.1. Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur staðfest þær.

Staðfestar á fundi stjórnar Krabbameinsfélags Íslands 8. janúar 2019. Breytingar á gr. 2.3., 2.6., 2.7. voru samþykktar og gr. 1.3. var bætt við á fundi stjórnar Krabbameinsfélags Íslands 13. desember 2023.

Krabbameinsfélag Íslands er aðili að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans.

Siðareglur Almannaheilla gilda fyrir starfsemi félagsins en eru einnig hugsaðar sem fyrirmynd fyrir starfsemi almannaheillasamtaka.

TILGANGUR SIÐAREGLNA ER AÐ

- veita almannaheillafélögum stuðning í veigamiklu hlutverki þeirra við að stuðla að almannaheill í samfélaginu.
- upplýsa almenning um þau gildi sem móta starf Almannaheilla og aðildarfélaga og auka traust á starfi þeirra.
- hvetja til gagnrýnnar og uppbyggjandi umræðu um starfsemi almannaheillasamtaka.
- auka gagnsæi, efla góða stjórnarhætti og faglegt starf í þágu almennings.
- setja viðmið um breytni, fagmennsku og ábyrgð sem hvílir á starfsfólki, stjórnum og sjálfboðaliðum félaganna umfram lagalegar skyldur.

ÁBYRGÐ GAGNVART ALMENNINGI, FJÖLMIÐLUM OG SAMFÉLAGI

- Aðildarfélög veita áreiðanlegar og réttar upplýsingar sem skýra samhengi þess sem kynnt er hverju sinni. Þess skal gætt að notkun fræðilegra hugtaka og tölfræði séu aldrei villandi eða óaðgengileg almenningi.
- Aðilar Almannaheilla starfa sjálfstætt að markmiðum sínum. Þau hafa hagsmuni almennings og umbjóðenda sinna að leiðarljósi.
- Aðildafélög gæta þess að starf þeirra í þágu almennings takmarkist ekki af skuldbindingum eða þrýstingi stjórnvalda eða annarra hagsmunaaðila.
- Aðilar að Almannaheillum hafa umhverfissjónarmið ávallt að leiðarljósi í rekstri sínum og sýna með því gott fordæmi í umgengni við náttúru og samfélag.

ÁBYRGÐ GAGNVART SKJÓLSTÆÐINGUM, FÉLAGSMÖNNUM, NOTENDUM, UMBJÓÐENDUM OG STYRKTARAÐILUM

- Aðilar að Almannaheillum bera ábyrgð á starfi sínu og sýna öllum virðingu og trúnað.
- Gagnsæi um starfsemi félagsins skal tryggt og veittar skulu áreiðanlegar og skýrar upplýsingar um starfsemina.
- Aðilar Almannaheilla mismuna ekki þeim sem þeir eiga í samskiptum við, hvorki á grunni þjóðernis, kyns, kynhneigðar, fötlunar, trúar, skoðana eða annars fjölbreytileika.
- Almannaheill leitast við að styrkja mannlega reisn með því að beita sér gegn misvirðingu gagnvart manneskjum, þar á meðal einelti, kynbundinni- og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.
- Almannaheill og aðilar að samtökunum misnota hvorki stöðu sína né bregðast trausti þeirra sem þau eiga í samskiptum við.

ÁBYRGÐ STJÓRNA, STARFSFÓLKS OG SJÁLFBOÐALIÐA

- Stjórnir, starfsfólk og sjálfboðaliðar vinni af heilindum að markmiðum og tilgangi Almannaheilla og aðildarfélaga.
- Stjórnir, starfsfólk og sjálfboðaliðar nýta ekki trúnaðarupplýsingar í eiginhagsmunaskyni eða í þágu vina eða skyldmenna.
- Stjórnir, starfsfólk og sjálfboðaliðar gæta þess að hafa hagsmuni þeirra félagasamtaka sem þeir starfa fyrir ávallt að leiðarljósi, meðal annars með því að láta tímabundið eða alfarið af trúnaðarstörfum komi upp álitamál er varða þá persónulega.
- Stjórnir, starfsfólk og sjálfboðaliðar virða störf annarra félaga og samtaka, sýna hver öðrum virðingu, samstarfsvilja og stuðning og stuðla að framgangi verkefna.

ÁBYRG FJÁRMÁL ALMANNAHEILLASAMTAKA

- Meðferð fjármuna skal vera samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum og skoðun reikninga í höndum kjörinna skoðunarmanna eða endurskoðenda.
- Upplýsingar um fjárhag og rekstur skulu vera gagnsæjar og settar fram á einfaldan og skýran máta.
- Öll fjáröflun skal hafa skýr markmið og fara fram í samræmi við tilskilin leyfi. Áætlað kostnaðarhlutfall liggi fyrir áður en safnanir hefjast og er gert upp að söfnun lokinni.
- Upplýsingar um ágóðahlut af hvers kyns sölu eru birtar strax og þær liggja fyrir.
- Aðildarfélög gæta þess að tengjast ekki aðilum sem starfa í ósamræmi við tilgang og markmið þeirra.
- Aðilar að Almannaheillum afla ekki fjár með nokkrum þeim hætti sem telja mætti siðferðilega vafasaman.
- Starfsfólk gætir ráðdeildar í daglegum rekstri og við meðferð fjármuna félagsins.

GILDISSVIÐ OG VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM

- Siðareglur þessar eru birtar á heimasíðu Almannaheilla og aðildarfélög skulu fylgja þeim. Þær eiga við um alla sem taka að sér störf fyrir Almannaheill.
- Stjórn Almannaheilla tekur við ábendingum um brot á þessum siðareglum og bregst við þeim. Stjórnin úrskurðar í hverju tilfelli hvort um brot sé að ræða, telji hún tilefni til að fjalla um ábendingu um slíkt. Við meðferð mála skal gæta trúnaðar, meðalhófs og andmælaréttar.
- Brjóti aðili að Almannaheillum gegn siðareglum þessum skal hann í samráði við stjórn Almannaheilla bæta fyrir brotið eins og hægt er, leita sátta og birta eða leiðrétta viðeigandi upplýsingar eða gera aðra þá bragarbót sem þurfa þykir.
- Þess skal gætt að sá sem leggur fram upplýsingar um ætlað brot á siðareglunum, beri ekki skaða af.
- Aðilar Almannaheilla geta eftir atvikum sett sér sértækar siðareglur í samræmi við þessar reglur og eftir þörfum starfsvettvangs síns.

Samþykkt á aðalfundi Almannaheilla 2. júní 2022.